



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15.05.2025

SFS25050077

MINNISBLAÐ

Endurnýjun samstarfssamnings við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Lagt er til að endurnýja samstarfssamning skóla- og frístundasviðs (SFS) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS) til þriggja ára, frá 1. júní 2025 til 31. maí 2028. Markmið samningsins er að styrkja og þróa samstarf á sviði starfsþróunar, rannsókna og nýsköpunar í þágu menntunar í Reykjavík.

Með samningnum er samstarfið endurnýjað í þriðja sinn en samstarfið hófst árið 2019.

Helstu efnisatriði samningsins:

- **Samstarf um starfsþróun** með áherslu á innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur 2025–2027. Skipulögð verða fjölbreytt fræðslutilboð í samræmi við áherslur stefnunnar um farsæld og inngilding, læsi og stafræna umbreytingu.
- **Sameiginlegur verkefnastjóri** (í 50% stöðugildi) verður staðsettur hjá NýMennt á MVS og sér hann m.a. um eftirfylgni með aðgerðaráætlun, utanumhald starfsþróunar og skýrsluskil.
- **Samstarf um rannsóknir og nýsköpun**, þar á meðal Menntastefnumót, stuðningur við samfélagslega nýsköpun, stefnumótun og aukin tenging við háskólasamfélag og nýsköpunargeira.
- **Mixtúra**, tækniver SFS, hefur aðstoðu í húsnæði MVS og tekur þátt í samstarfi í sköpunarsmiðju í Sögu þar sem lögð er áhersla á STEAM-menntun og upplifanir barna.
- **Sameining eldri samninga** um Nýsköpunarstofu menntunar og aðstoðu Mixtúru í Stakkahlíð inn í nýjan samning til að tryggja heildstæða nálgun og aukna samlegð.
- **Aðgerðaráætlun** verður unnin fyrir hvert ár samningsins og verkefnastjórn fundar reglulega til að tryggja framkvæmd.

Kostnaðarskipting og fjárhagslegt framlag

Heildarkostnaður Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á ársgrundvelli er 11.600.000 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti:

- Sameiginlegur verkefnastjóri: 6.000.000 kr.
- Verkefni Nýsköpunarstofu Menntunar: 3.000.000 kr.
- Viðbótarráðgjöf og leiðsögn, stofuleiga o.fl.: 2.000.000 kr.
- Aðstaða Búnaðarbanka og skrifstofuaðgengi Mixtúru: 600.000 kr.



Greiðslur fara fram tvisvar á ári samkvæmt reikningi frá Háskóla Íslands.

Ávinningur samstarfsins

Samningurinn hefur reynst lykilstoð í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og styður við framsækna þróun í menntamálum borgarinnar. Hann skapar tengingu milli vettvangs og fræðasamfélags og hefur gert mögulegt að byggja upp öflugt samstarf sem nýtist bæði starfsfólki borgarinnar og nemendum í kennaranámi.

Tillaga

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að gengið verði frá endurnýjuðum samstarfssamningi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í samræmi við framlögð drög og með fyrirvara um fjárheimildir hverju sinni samkvæmt fjárhagsáætlun borgarinnar.